

Nýir tímar í heimaþjónustu

Jórunn Frímansdóttir, formaður Velferðarráðs Reykjavíkurborgar skrifar um undirritun þjónustusamnings um heimahjúkrun

Merkilegum og langþráðum áfanga er náð

Í upphafi nýs árs renna upp nýir tímar í þjónustu við þá íbúa Reykjavíkur sem þurfa aðstoð inn á heimili sitt til þess að geta búið sjálfstætt. Borgarstjóri og heilbrigðisráðherra hafa skrifað undir þjónustusamning um að rekstur heimahjúkrunar í Reykjavík verði á hendi borgarinnar. Þar með verða heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta sameinuð undir einni stjórn og er markmiðið að efla þjónustuna til hagsbóta fyrir borgarbúa. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2009 og á næstu mánuðum verður unnið að innleiðingu hans.

Þjónusta við þúsundir einstaklinga

Í Reykjavík njóta nú yfir þrjú þúsund heimili félagslegrar heimaþjónustu sem m.a. getur falist í félagslegum stuðningi og aðstoð við heimilishald. Meira en eitt þúsund njóta heimahjúkrunar sem m.a. getur falist í reglubundnum heimsóknnum vegna lyfjagjafar, umbúðaskipta eða sálrænnar aðhlyningar. Þeir sem njóta þjónustunnar eru að miklum hluta aldraðir, en fjöldi einstaklinga á öllum aldri nýtur einnig tímabundið aðstoðar vegna sjúkdóma eða slysa eða langtímaþjónustu vegna fötlunar.

Á undanförunum árum hefur það orðið æ fleirum ljóst að langtímadvöl á sjúkrahúsum eða annars konar stofnunum ætti að vera sá kostur í umönnun og þjónustu við einstaklinga sem eiga við veikindi eða færniskerðingu að stríða sem síðast er nýttur. Að búa við sjálfstæði og virkni á eigin heimili er grundvallaratriði til að halda góðri líkamlegri og andlegri heilsu og líðan. Mikið og gott starf hefur verið unnið á þessum vettvangi, m.a. í málefnum fatlaðra, en stofnanavæðing Íslendinga í málefnum aldraðra hefur á síðastliðnum áratugum hins vegar verið töluverð. Segja má að hvergi í þeim löndum sem við berum okkur saman við búi hlutfallslega jafnmargir aldraðir á dvalar- eða hjúkrunarheimilum, þrátt fyrir að rannsóknir sýni að langflestir vilja búa eins lengi og kostur er á eigin heimili. Rannsókn á vegum Heilbrigðisráðuneytisins árið 2007 á vilja þeirra sem eru á biðlista eftir hjúkrunarheimili sýndi að stór hluti þeirra sem bíða eftir vistun vilja fremur búa áfram á eigin heimili með meiri aðstoð.

Þó að þegar hafi hægt á stofnanavæðingunni í Reykjavík má gera enn betur. Það er trú mín að með því að leggja meiri áherslu á þjónustu heim, t.d. með þjónustusamningi þeim sem nú hefur verið undirritaður, sé verið að mæta óskum íbúa og bæta hag þeirra sem þurfa á þjónustunni að halda.

Betri nýting þjónustuíbúða

Á undanförunum misserum hefur mikið verið byggt af íbúðum sem sérhannaðar eru fyrir þá sem eiga við einhverskonar færniskerðingu að stríða. Þetta er í samræmi við viðhorf þeirra sem vilja búa heima lengur og vilja skapa sér sjálfir aðstæður og aðgengi sem styrkja þá í því. Það kemur fram í bæði erlendum sem innlendum rannsóknum að margir kjósa að flytja í húsnaði þar sem er gott aðgengi og nálægð við þjónustu og félagsstarf. Fólk flytur einmitt í þeim tilgangi að geta búið lengur á eigin heimili við sjálfstæði og öryggi. Það auðveldar

veitingu félags- og heilbrigðisþjónustu á heimili fólks þegar aðstæður eru góðar og um leið eykur það möguleika fólks á að búa lengur á eigin heimili. Með því að færa ábyrgð á þjónustu heim í borginni á hendur eins aðila eru um leið styrktar stoðir þess að efla þjónustu inn í þá þjónustuíbúðakjarna sem byggðir hafa verið í borginni sem og inn á önnur heimili.

Næstu skref

Þjónustusamningurinn sem nú hefur verið undirritaður er tilraunaverkefni til þriggja ára. Á næstu mánuðum verður unnið að innleiðingu hans og allan samningstímann mun starfsfólk í heimahjúkrun og starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu vinna saman að því að leita lausna og leiða til veita heildstæða og samfellda þjónustu heim. Á þann hátt hyggjumst við bæta og efla þjónustuna og auka einnig öryggi hennar. Samningurinn verður síðan endurskoðaður með það í huga að meta hvað hefur gengið vel og hvar þarf úr að bæta til að efla enn meira þjónustu heim.

Sem formaður velferðarráðs og borgarfulltrúi hef ég lagt mikla áherslu á að þessi samningur verði að veruleika, enda tel ég að með honum sé brotið blað í heimaþjónustu í Reykjavík. Með þeirri samþættingar og sameiningarvinnu sem framundan er verður það enn betri kostur fyrir Reykvíkinga að búa heima með stuðningi. Við vitum jafnframt að ef góður árangur næst verður framhald á þessu sameiginlega tilraunaverkefni ríkis og borgar.